

V. Almenn ákvæði.

STEFi er heimilt að semja við einstaka aðila um gjalddaga í sérstökum tilvikum, m.a. í þeim tilvikum sem ekki eru tilgreind í gjaldskrá þessari.

Einstökum tónskáldum eða öðrum rétt höfum er heimilt að leggja bann við flutningi á verkum sínum enda tilkynni STEF það hverju sinni þeim sem ábyrgð ber á flutningi tónlistar.

Gjöld, sem greiðast skulu árlega, falla í gjalddaga 15. apríl ár hvert. Gjöld, sem greiðast skulu ársfjórðungslega, falla í gjalddaga 15. fyrsta mánaðar eftir lok ársfjórðungs, þ.e. 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október. Annars falla gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í gjalddaga 10. hvers mánaðar, eftir á, ef staðgreiðslu verður ekki við komið. STEFi er heimilt að semja við einstaka aðila um aðra tilhögun á greiðslu gjaldanna.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við verðlag í janúarmánuði 1993 og skulu breytast miðar við breytingar á lánskjaravísitölu, þó því aðeins að breytingar frá lánskjaravísitölu fyrir janúarmánuð 1993 verði 1% eða umfram það.

Með vísan til 4. mgr. 23. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1992 staðfestist ofangreind gjaldskrá hér með.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1993.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflíð c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 8 800 á árinu 1993.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. mars 1993.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 6 500.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.